



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2022**1. Framlag til Strætó bs**

Lagt er til að fjárheimildir vegna framlaga til B-hluta fyrirtækja hækki um 321.170 þ.kr. vegna greiðslu aukaframlags á árinu 2022. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -321.170
FRAML	xxx	Framlög til Strætó bs	Til 321.170
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 6. október 2022 liður 11, mál FAS22090037, tillaga um viðbótarframlag til Strætó árið 2022. Um er að ræða hækkun á rekstrarframlagi ársins 2022 um 520,5 m.kr. eða sem nemur einni og hálfri mánaðargreiðslur til að takast á við rekstrarvanda félagsins. Rekstrarframlagið skiptist á milli eigenda Strætó og er hlutdeild Reykjavíkurborgar í framlaginu 321,2 m.kr. Fjármála- og áhættustýringarsviði var falið að undirbúa viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessa.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri